

Sveitastjórnar- og samgönguráðuneyti
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 9. maí 2020

Umsögn Landverndar um breytingar á aðalskipulagi Kópavogs og aðalskipulagi Reykjavíkur. Mál nr. 81/2020 í samráðsgátt

Stjórn Landvernd sendir hér inn umsögn um tillögu að verk- og matslýsingu aðalskipulagsbreytinga í Reykjavík og Kópavogi sem auglýst var í samráðsgátt stjórnvalda. Landvernd telur að eðlilegt hefði verið að auglýsa tillöguna líka hjá Skipulagsstofnun þar sem um skipulagsmál er að ræða.

Landvernd telur að um mjög mikilvægt mál fyrir Kópavog og Reykjavík sé að ræða og telur lýsinguna fullnægjandi. Stjórn Landverndar vill þó koma á framfæri nokkrum ábendingum sem hún vonar að gagnist við vinnslu aðalskipulagsbreytinganna. Á heildina litið er bygging Borgarlínu jákvæð fyrir þróun höfuðborgarsvæðisins, til þess að draga úr loftmengun og losun gróðurhúsalofttegunda og til þess að draga úr þörf fyrir að brjóta nýtt land undir byggð og umferðarmannvirki.

Hver eru markmið?

Markmiðin með lagningu Borgarlínu er að bregðast við væntanlegri aukningu í umferð eða eins og segir á bls. 4 í matslýsingu:

“Umferðarspár sýna að óbreyttar ferðavenjur munu valda því að þjónustustig gatnakerfis versnar og umferðartafir aukast, þrátt fyrir fjárfestingar í nýjum umferðarmannvirkjum. Þess vegna eru afkastamiklar almenningsamgöngur og greiðfært stígakerfi fyrir gangandi og hjólandi mikilvægar fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins.”

Markmið um að 58% ferða verði farnar með einkabílum árið 2040 á höfuðborgarsvæðinu er nokkuð metnaðarlaust með tilliti til þess að spáð er 40% aukningu í íbúafjölda á tímabilinu. Að fara úr 75% ferða á höfuðborgarsvæðinu sem farnar eru í einkabíl í 58% er samdráttur um 22%. Miðað við þetta mun umferðarþungi líklega aukast mikið á tímabilinu miðað við það sem nú er með tilheyrandi svifryksmengun, losun gróðurhúsalofttegunda, hávaðamengun og öðrum óbeinni lýðheilsuárfum af umferð einkabíla og plássfrekum umferðarmannvirkjum. Stjórn Landverndar telur því að ganga þurfi lengra í markmiðum um að draga úr umferðarþunga þannig að hann, hið minnsta, aukist ekki miðað við það sem nú er. Því væri rétt að setja frekar markmið um heildarfjölda ferða með einkabíl en ekki hlutfall

ferða með einkabíl af heildarfjölda ferða þannig að ljóst sé hvert markmiðið er og væntanlega áhrif af aðgerðinni.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar

Stjórn Landverndar telur að á bls. 12 í matslýsingu í kaflanum um náttúru- og menningarminjar þurfi að bæta við spurningunni “*Hafa breytingarnar áhrif á jarðminjar?*”

Landvernd leggur áherslu á að við framkvæmdirnar verið vistkerfi Elliðaáanna og Vatnsmýrarinnar ekki raskað. Við mat á valkostum verði því eingöngu teknir til skoðunar valkostir sem lítil sem engin áhrif hafi á Elliðaáarnar eða Vatnsmýrina. Við Elliðaáarnar þarf að hafa í huga lífríki og jarðminjar bæði ofan og neðan við væntanlegt framkvæmdasvæði. Mjög er þrengt að friðlandi fugla í Vatnsmýri og miklar truflanir hafa verið þar vegna áralangra framkvæmda á svæðinu. Við byggingu Borgarlínu er brýnt að röskun á því verði lítil sem engin.

Einnig væri rétt að meta valkosti vegna lagningu Borgarlínu við útivistarsvæðið við Öskjuhlíð. Því hefur verið raskað töluvert undanfarið. Þá þarf að greina vel áhrif á sjávardýr, leirur og landslag vegna fyrirhugaðra framkvæmda og brúar við Fossvog.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri